

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Brynjudalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Brynjudalsár. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns á hverjum tíma, enda sé hann búsettur á félagssvæðinu.

2. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði fyrir landi þeirra jarða, sem land eiga að Brynjudalsá og Þverá, en þær eru, Ingunnarstaðir, Hrísakot, Skorhagi og Þrándarstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd í samráði við fiskræktarfélag Brynjudalsár og leigja veiðisvæðið til stangveiða.

4. gr.

Óheimilt skal hverjum manni að veiða á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar eða aðila, sem stjórnin hefur með samningi veitt ráðstöfunarrétt yfir veiðinni, sbr. næstu gr. Öll veiðileyfi skulu skrifleg vera og tilgreina veiðitíma, veiðisvæði og veiðitæki.

5. gr.

Félagsstjórn hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum Brynjudalsá ásamt Þverá um tiltekið árabíl.

Í slíkum samningi skal tekið fram, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, gjaldkeri og ritari. Þeir skulu kosnir til 5 ára. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Eftir 3 ár formaður, annar meðstjórnandi eftir 4 ár skv. hlutkesti.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema hann hafi setið 5 ár í stjórn.

7. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og kveður stjórnina til fundar, þegar honum þurfa þykir, eða ef minnst tveir meðstjórnendur krefjast þess. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála.

8. gr.

Aðalfund heldur félagið í marz mánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum, nema um sé að ræða breytingar á samþykktum félagsins eða arðskrá.

9. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, arðskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til fimm ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveim lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í því augnamiði og skal ekki líða skemmri tími milli funda en mánuður.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. júní 1962.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.